

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 13. september 2023
UST202308-084/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 og deiliskipulagi fyrir Móa, miðsvæði í Þorlákshöfn.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss er barst 14. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 og deiliskipulagi fyrir Móa í Þorlákshöfn.

Í erindinu kemur fram að breytingin gengur út á að fleiri íbúðir verði heimilaðar á svæðinu úr 80 - 200 og deiliskipulagsbreytingin breytir byggingarreitum þannig að miðbæjartorg myndist miðsvæðis sem hinar ýmsu byggingar, sem hýsa miðbæjarstarfsemi, hótél og íbúðir, munu standa við.

Útivist og samgöngur

Í greinargerð (bls. 6) er vitnað í drög að rammaskipulagi þar sem fjallað er um grænt belti miðbæjar. Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu á að hugað sé að útivist og sjálfbærum samgöngum gangandi og hjólandi í þéttbýlinu. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að gerður verði grænn ás fyrir útivist og sjálfbærar samgöngur, umlukinn vernduðum jarðmyndunum og gróðri, sem liggur frá golfvelli og öðrum útivistarsvæðum í norðri og myndi liggja milli Ölfusbrautar og Rásarmóa, gegnum og fram hjá bæjarskrifstofunum, skrudgarði, grunnskólanum, íþróttasvæði og að útivistarsvæðinu á Hafnarnesi í suðri.

Umhverfisstofnun vill einnig hvetja sveitarfélagið að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði við Hafnarnes

Hraun

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun getur tekið undir að á undanförunum áratugum hefur myndast gróðurhula og lúpína náð að dreifa sér á svæðinu. Hins vegar getur stofnunin ekki tekið undir að allar jarðmyndanir innan þéttbýlisins á reitum ÍB7 og ÍB8 hafa misst verndargildi sitt.

Samanber ofangreint bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka og deiliskipulagið hannað með þeim hætti að það raski þeim ekki nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að jarðmyndanir innan þéttbýlisins, sem hafa verndargildi, séu kortlagðar og varðveittar. Sú kortlagning væri svo nýtt til grundvallar ákvarðanatöku um skipulag, skilyrði landnotkunar og hönnunar.

Fráveita

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu.¹ Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þar sem ábyrgð sveitarfélaga er skilgreind og kröfur um hreinsun á fráveituvatni sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Vegna stórauðinnar íbúðaruppbyggingar á næstu árum verður sveitarfélagið að fjalla um hvernig fráveitumálum er og verður háttað til framtíðar og hvaða úrbætur sveitarfélagið ætlar að ráðast í.

Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála kemur fram að öll strandsjavarhlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Losun fráveituvatns er í strandsjavarhlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103- 1341-C og er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.²

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1341-C>